



Afmæliskveðja frá forseta Íslands

Um miðbik síðustu aldar var ríkjandi vantrú á getu þeirra sem lamast höfðu vegna veikinda eða slysa og hæfni fatlaðra til að ganga með atorku til daglegra verka var iðulega dregin í efa. Hugarfarið, viðhorf og venjur í samfélaginu voru erfið hindrun á vegi þeirrar hugsjónaríku og sóknjörfu sveitar sem tókst á hendur hið brýna verk að ryðja breytingum braut í þessum efnunum.

Með ötulu starfi í hálföld hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra knúið fram umbyltingu í aðstöðu og þjálfun en umfram allt náð að festa í sessi nýjan skilning sem nú er samgróinn þjóðfélagsvitund og samfélagsvilja Íslendinga. Sá málstaður sem Styrktarfélagið gerði í upphafi að skýrri stefnu og túlkaði ávallt á sannfærandi hátt hefur smátt og smátt öðlast þann sess að verða ríkjandi viðhorf. Einbeitni og þrautseigja hafa skilað þeim árangri að hagar þeirra sem lamast hafa eða við fötlun búa er almennt forgangsefni þótt vissulega megi ætíð gera betur.

Sú þjálfun sem lengi hefur verið látin í té, samfelld endurhæfing og margvísleg aðstoð hafa gert þúsundum kleift að öðlast aukna getu og njóta þeirrar orku sem nýir kraftar hafa fært. Æfingarstöðvar, sundlaugar og sumarþúðir hafa verið vettvangur öflugrar starfsemi sem hefur svo sannarlega skilað stórkostlegum árangri. Gleði þeirra sem þar hafa þjálfunar notið og þakklæti fjölskyldnanna sem lengi hafa beðið og vonað að einhver bati næðist hafa verið einlægur vitnisburður þess að þrátt fyrir erfiðnið hefur tekist að bæta hagar þeirra sem við þrautir glímdu.

Umbæturnar hafa líklega orðið hvað mestar í þjálfun og aðstoð sem börnum er veitt. Nýjar áherslur í námstefnu og breytt skipulag skólustarfsins hafa gefið fötlunum börnum tækifæri til að njóta kennslu til jafns við aðra. Leikur og þjálfun í sumarþúðum, nýjar aðferðir í íþróttum og breytt sýn á keppnisgreinar hafa opnað lömunum og fötlunum börnum

og unglum nýjan heim um leið og aðrir hafa glaðst yfir árangri sem áður var talinn óhugsandi.

Með fórnfúsu starfi og framlagi fjölmargra sjálfbóðaliða hefur Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra tekist að skapa trausta umgjörð um meðferðarstarfið og fagna um leið nýjum landvinningum í hugarfari þjóðarinnar. Á afmælisári nýtur félagið í senn velvilja og trúnaðartrausts. Það er tákni þeirrar samhjálpar sem við Íslendingar teljum til höfuðkosta í fari okkar: að koma ávallt öðrum til aðstoðar þegar veikindi eða áföll ber að garði.

Þótt vissulega sé ástæða til að gleðjast yfir fjölpættum árangri sem náðst hefur á hálfri öld er enn margt ógert eigi hagur þeirra sem við fötlun eða lómun búa að vera viðunandi. Framfarir í meðferðarfræðum og læknávisindum eru sífellt að vísa okkur á nýjar leiðir og vaxandi hagsæld þjóðarbúsins ætti að auðvelda útvegum fjármagns til að bæta aðstöðu og auka framboð á samfelldri þjálfun. Vaxandi fjölbreytni í atvinnulífi mun einnig skapa ný tækifæri til að veita lömuðum og fötluðum starf við hæfi.

Við höfum nú betri skilyrði en áður þekktust til að geta látið í té þjálfun og aðstöðu sem árangri skila. Á afmælisári eru verkefnin enn mörg og brýn en farsælt starf í hálfri öld blæs okkur bjartsýni í brjósti og eflir áræðni okkar í glómunni við nýjar þrautir.

Ég færi Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra einlægar þakkir Íslendinga og bið þess að gæfa og farsæld fylgi félaginu í hverju spori.

(undirskrift)